

## 6. Virkur stuðningur

### 6.a. Að vera virkur eða passífur aðstoðarmaður

Í þessum kafla er kynnt nálgun í starfi aðstoðarfólks sem tengist umræðunni um viðhorf í köflunum hér á undan. Nálgunin kallast *virkur stuðningur*, eða á ensku *active support*, og þróaðist í Bretlandi með það markmið að auka tækifæri fólks með þroskahömlun sem þarf mikinn stuðning til virkrar þátttöku í raunverulegum verkefnum daglegs lífs, til þess að vinna gegn tilbreytingarleysi og einangrun.

Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að hugmyndir um *virkan stuðning* og svokallaðan *einstaklingsmiðaðan virkan stuðning* (*e. person-centered active support*) falli vel að mörgum atriðum varðandi hlutverk aðstoðarfólks í námi fólks með þroskahömlun sem þarf mikinn stuðning. Með því að vinna eftir þeim hugmyndum myndi aðstoðarfólk geta bætt möguleika notanda töluvert til að nýta sér nám í daglegu lífi og þar með að fá tækifæri til að lifa innihaldsríkara lífi og geta haft áhrif á eigið líf.

Í rannsókninni kom fram að mörgu aðstoðarfólki var umhugað um að notandi væri virkur í daglegu lífi. Samkvæmt hugmyndum um virkan stuðning hefur það hvernig aðstoðarfólk vinnur bein áhrif á hvort notandi verði virkur þátttakandi í daglegum verkefnum og ákvarðanatöku um eigið líf. Aðstoðarfólk þarf að taka virkan þátt og aðstoða notanda við að taka virkan þátt með sjálfþæði hans að leiðarljósi. Markmiðið er ekki að kenna notanda færni til að gera hlutina án aðstoðar heldur að veita honum þá aðstoð sem hann þarf til þess að geta tekið þátt og þar með fengið aukna reynslu og tækifæri til að hafa áhrif á eigið líf. Hugmyndir um *virkan stuðning* tengjast því að mörgu leyti umræðunni um *aðstæðubundið sjálfþæði* í kafla 4. Mikilvægt er að aðstoðarfólk gerir sér grein fyrir því að það sjálft er lykillinn að virkni notanda í daglegu lífi.

Verkefni: Hver starfsmaður hugsar um sína eigin reynslu sem aðstoðarmaður í námi eða daglegu lífi notanda. Farið hring í starfsmannahópnum og reynið hvert og eitt að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvort telur þú þig vera frekar virkan eða frekar passífan í stuðningi þínum?
- Hugsaðu um aðstæður þar sem notandi gæti verið virkari að þínu mati: Hverju gætir þú breytt í þínum stuðningi sem myndi gera honum kleift að vera virkari þátttakandi í aðstæðunum?